

Alþingi  
Erindi nr. P 140/1553  
komudagur 15.3.2012

303. mál

Kæru þingmenn.

Mig langar að benda ykkur á hvað skýrsla um strandsiglingar og kostnað vegna vegagerðar er illa unninn.

Fyrir það fyrsta er eingöngu tekið hvað ríkissjóður verður af olúgjaldi sem er miðað við 63 L/100

111 m.kr á ári en þið gleymið líklega vísitandi að taka þungaskattinn með sem er miðað við 3,2 miljón km á ári 49,6 m.kr á ári.

Ef strandsiglingar verða þarf líklega að auka kostnað við hafnir landsins og hverjir bera þann kostnað? Samkvæmt skýrslunni virðist enginn borga það. Ég veit ekki betur en ríkið borgi hluta af hafnarframkvæmdum. Ekki er sá kostnaður tekinn inn í þessa skýrslu.

Með slysin þar sem vöruflutningabifreiðir koma við sögu þá er mikill meirihluti þar sem keyrt er á vöruflutningabifreiðar en þær eiga ekki sök á þeim slysum, þannig að kostnaðurinn sem settur er á vöruflutningabifreiðar er ekki réttur (líklega því það henntar ykkur betur) Ef þetta eru vinnubrögðin á hinu háa Alþingi er ég ekki hissa á að það skorti trú á þessa stofnun.

Ég vonast til að fá viðbrögð við þessu bréfi.

Með kveðju

Ómar Már Þóroddsson

[omarm@hive.is](mailto:omarm@hive.is)

898-5156